

1874.

29. júní.

þetta efni, en að því leyti, er snertir það atriði, sem þér hafið hreyft, skal þess getið, að með því það hefir farið mjög í vöxt á Íslandi, að menn fýsast til að flytja sig þaðan til annara landa, — en þess er nú auk annars ljós vottur bænarskrá nokkur til dómsmálastjórnarinnar frá erindsreka eins flutningafélagsins, þar sem skýrt er frá, að hér um bil 500 manns ætli í n. m. að fara frá Akureyri til Nýju Brunsvíkur með flutningaskipi, sem komi frá Norvegi — finnst stjórnarráðinu ástæða til, að setja lög til tryggingar því, að farið sé vel með farmenn á flutningaskipum, eins og gjört er í konungsríkinu, og mælumst vör því til, að þér ihugið málið, og ef til þess kemur skýrið stjórnarráðinu frá uppástungum yðar um þær breytingar, sem mætti gjöra á þeim ákvörðunum, sem gilda í þessu efni í Danmörku, ef þær þykja fallnar til að verða leiddar í lög á Íslandi.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lækkuð á jarðarafgjaldi.

2. júlí.

Með bréfi, dagsettu 15. dag aprílm. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi sent hingað bænarskrá, þarsem amtmaðurinn yfir norður og austurumdæminu, Kristján Christjansson, fer þess á leit, að stjórnarráðið samþykki, að hann 9. marz 1872 hafi byggt manni nokkrum jörðina Stóru-Tjarnir, sem heyrir undir norðurhluta Múnaþverár klausturgóðs, og sem hefir orðið fyrir áföllum af fjallaskriðum og skemmzt við það, frá fardögum 1872 til fardaga 1874 fyrir 60 álna landskuld og 60 álnir í leigu, hvortveggja talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar, og stingur uppá, að byggja megi tæða jörð frá fardögum 1874 fyrst um sinn fyrir sama afgang, þó þannig, að landskuldin verði hækkuð um 10 álnir á ári, þegar einu af kúgildum þeim, sem fylgja jörðinni með samþykki hlutaðeiganda landseta, verði komið á einhverja aðra jörð, sem heyrir undir fyrnefnt umboð; hafið þér nú, herra landshöfðingi, skotið þessu máli undir úrskurð stjórnarráðsins.

1874.

2. júlí.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið samþykkir þessa ráðstöfun og leyfir, að jörðin verði byggð fyrst um sinn með þeim kjörum, sem nú var sagt.

2. júlí.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald fyrir skaða af jarðskjálfta.

Með bréfi, dagsettu 15. dag aprílm. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu stingur uppá, að veita megi landsetanum á jörðunni Keflavík, sem heyrir undir Möðruvalla klausturs góz, Halldóri Sveinssyni, og landsetanum á Granastöðum, sem er ein af Nordursýslu jörðunum, Guðjóni Halldórssyni, endurgjald fyrir skaða þann, sem húsin á tæðum jörðum urðu fyrir við jarðskjálfta í apríl 1872, og sem samkvæmt þeim skoðunargjörðum, sem hingað eru sendar, er virtur 47 rd. og 65 rd., og skyldi þetta endurgjald að minnsta kosti samsvara helmingnum af því, sem skaðinn er virtur til og fyr var nefnt. Þér hafið nú mælt með þessari uppástungu amtmanns á þá leið, að báðum landsetunum verði gefið svo mikið eptir af landskuldargjaldi þeirra, sem samsvari helmingnum af skaðanum, 23 rd. 48 sk. öðrum þeirra og hinum 32 rd. 48 sk.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

2. júlí.

49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um kúgildi á klausturjörðum.

Með bréfi, dagsettu 16. dag aprílm., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem amtmaðurinn yfir norður-